



Reykjanesbær
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Garðabær, 24.1.2025
Málsnúmer: 202411-0015
IAS/SS

Efni: Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040.

Vísað er í erindi frá Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja, frá 14. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu fyrir nýtt Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér vinnslutillöguna og kemur með eftirfarandi athugasemdir sem snúa flestar að mikilvægi þess að huga að því að styrkja náttúruvernd á þeirri einstöku náttúru sem einkennir Suðurnesin.

Kaflí 1 Forsendur

Ekki er fjallað um náttúruvernd í kafla um áherslur endurskoðunarinnar. Rétt væri að fjalla um náttúruvernd í sér kafla í stað þess að fjallað sé um hana í kafla 2 um loftlagsmál og kafla 5 um auðlindir. Eins og fram kemur í kafla 5.4 er náttúran á Reykjannesskaga, og þá sérstaklega jarðfræðin, einstök og verðskuldar að mati Náttúrufræðistofnunar ítarlegri umfjöllun.

Kaflí 2 Loftlagsmál

Mjög jákvætt er að varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni skuli vera eitt þeirra atriða sem nefnt er í kafla 2.2 Leiðarljós en ekki er fjallað frekar um þetta atriði í markmiðunum. Stofna á umhverfis- og loftlagsráð Suðurnesja sem er jákvætt og væri rétt að ráðið fjallaði líka um líffræðilega fjölbreytni og verndun landslags og jarðminja.

„Bæta á gróðurþekju og auka bindingu kolefnis í jarðvegi, með virðingu fyrir vistkerfum og landslagsupplifun.“ Hér er mikilvægt að notast sem mest við innlendar tegundir og fylgjast þarf með og koma í veg fyrir dreifingu framandi ágengra tegunda.

Kaflí 3 Náttúruvá

Hér er eitt af markmiðunum að: „Kortleggja og skipuleggja efnistö- og geymslusvæði til að nýta í gerð varnargarða.“ Fram kemur að: „Hugað verði að staðháttum, fjarlægð frá náttúruvársvæðum og



verndargildi svæða.“ Líklegt er að þau hraun sem koma upp í þeim atburðum sem nú standa yfir komi til með að hafa mikið aðdráttarafl í framtíðinni og er mikilvægt að farið sé varlega í allt rask á þeim.

Kaflí 5 Atvinna

„Suðurnesin eru rík af auðlindum. Þaðan er stutt á fengsæl fiskimið, mikill jarðhiti, aðgengi að hreinu vatni og einstök náttúra. Um er að ræða auðlindir sem ekki er hægt að ganga að vísun, með tilheyrandi takmörkunum fyrir atvinnulíf.“ Náttúrufræðistofnun tekur undir að Suðurnesin skarta einstakri náttúru sem nauðsynlegt er að standa vörð um.

Kaflí 5 Auðlindir

„Á Suðurnesjum eru alls sextán náttúruverndarsvæði. Einkum er um að ræða svæði sem hafa að geyma sérstæðar jarðmyndanir en einnig strandlengju, sem er lítt snortin og býður upp á mikla fjölbreytni í landslagi og náttúrufari. Þar af er eitt náttúruvætti, Eldborgir undir Geitahlíð, tveir fólkvangar, Reykjanesfólkvangur og Bláfjallafólkvangur og eitt friðland, Eldey. Umfang allra svæða á Náttúruminjaskrá innan skipulagssvæðisins er um 500 km² eða um 60% af heildarflatarmáli Suðurnesja sem er um 818 km². Þetta hlutfall sýnir að sérstæð náttúra er eitt af megineinkennum Reykjanesskagans og hafa bæði sveitarfélög og ríki markað stefnu um verndun hennar.“ Á Suðurnesjum er aðeins eitt friðland, Eldey, og eitt náttúruvætti, Eldborgir undir Geitahlíð. Fólkvangarnir, Reykjanesfólkvangur og Bláfjallafólkvangur og svæði á náttúruminjaskrá veita ekki eins sterka vernd og því er mikilvægt að hugað sé að frekari friðlýsingu svæða á Suðurnesjum. Í Þingsáætlun um náttúruverndaráætlun 2004-2008, sem samþykkt var 28. maí 2004 var ályktað að unnið skyldi að friðlýsingu 14 svæða á landinu á næstu fimm árum. Eitt þessara svæða var Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg sem sagt var „...einstakt svæði á heimsvísu, þar má sjá framhald úthafshryggs á þurru landi, þar sem tvær jarðskorpuplötur gliðna í sundur.“ Ekkert hefur orðið af þeirri friðlýsingu og verndargildi eins merkasta jarðminjasvæðis landsins hefur rýrnað nokkuð frá því þingsályktunin var samþykkt. Mikilvægt er að huga að því að friðlýsa a.m.k. hluta þessa svæðis sem hefur verulega hátt verndargildi á heimsvísu og telst eitt merkasta jarðminjasvæði landsins.

Jákvætt er að hlífa eigi strandlínunum sem mest fyrir raski. Er það í takt við náttúruverndargildi helstu strandsvæða sem eru t.d. mörg á gildandi náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að styrkja verndun margra þeirra s.s. á Rosmhvalanesi, Ósabotnum, Vatnsleysuströnd og víðar vegna mikilvægi þeirra fyrir fjöruvistgerðir og búsvæði fugla. Hafa svæði meðal annars verið tilnefnd fyrir B-hluta náttúruminjaskrár og ætti að horfa til þess að friðlýsa svæðin eða friða vistgerðir og búsvæði tegunda innan þeirra.

Kaflí 6 Veitur og samgöngur

„Það er stefna samvinnunefndarinnar að skoða skuli möguleika á orkuvinnslu á eftirtöldum háhitasvæðum á Suðurnesjum: Reykjanes, Stóra Sandvík, Eldvörp-Svartsengi, Trölladyngja, Sandfell og Sveifluháls. Orkuvinnslu fylgja orkuflutningar. Vegna náttúruverndargildis háhitasvæða og annarra svæða á Suðurnesjum þarf að fara með gát við val á flutningsleiðum raforku.“ Hér eru talin upp nánast öll háhitasvæðin á Suðurnesjum og að mati Náttúrufræðistofnunar er í ljósi verndargildis þeirra nauðsynlegt að hlífa einhverjum þeirra við nýtingu og frekar að stefna að verndun t.d. með friðlýsingu áður en farið er í frekari nýtingu. Stofnunin er reiðubúin að veita frekari ráðgjöf um verndargildi háhitasvæða á Reykjanesi.



Kaflí 8 Samfélag

„Útivistargildi Suðurnesja felast fyrst og fremst í því að meginhluti svæðisins er óraskaður og náttúran einstök. Fjölbreyttar landslagsmyndanir, jarðhitavirkni og lífríkið einstakt.“ Það er því miður ekki rétt lengur að meginhluti svæðisins sé óraskaður og að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög mikilvægt að í svæðisskipulaginu verði hugað að því að styrkja verndun helstu náttúruperla sem enn eru lítt raskaðar.

Kaflí 10 Helstu heimildir og stuðningsskjöl

Til viðbótar við þau skjöl sem birt eru í þessum kafla bendir Náttúrufræðistofnun á kortasjár stofnunarinnar þar sem finna má ýmsar upplýsingar um náttúrufar Suðurnesja:

Jarðfræði Íslands: <https://jardfraedikort.ni.is/>

Náttúruminjaskrá: <https://natturuminjaskra.ni.is/>

Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja: <https://serstokvernd.ni.is/>

Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi: <https://vistgerdakort.ni.is/>

Selalátur við strendur Íslands: <https://selalatur.ni.is/>

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur